

NORÐURSTÍGSREITUR, REITUR 1.132.0, (DEILISKIPULAGSTILLAGA VEGNA ÆGISGÖTU 7 OG NÝLENDUGÖTU 9)

Dags. 4. Júní 2026

MÁLSMEDFERÐ

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi var auglýst í samræmi við 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2012 frá 28. nóvember 2024 til og með 15. janúar 2025. Tillagan var til sýnis á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Athugasemdir og ábendingar bárust á auglýsingartíma frá aðliggjandi lóðarhöfum og nágroñnum. Í ljós kom að skráning hússins var ekki í samræmi við notkun þess, og því var hún færð til réttari vegar. Húsið var að mestu leyti skráð sem iðnaðarhúsnæði og í kjölfarið voru breytingar gerðar á tillögunni m.t.t. athugasemda. Breytt tillaga verður nú auglýst að nýju, og nú í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

Breytingar á tillögunni, m.t.t. athugasemda eru eftirfarandi:

- Uppdráttur er stækkaður í A1 og inn á hann er bætt teikningum af núverandi stöðu á skipulagsreitnum auk annarra upplýsinga til þess að auka skýrleika tillögu.
- Hætt er við sameiningu lóðanna Ægisgötu 7 og Nýlendugötu 9, en lóðarmörkum breytt í staðinn.
- Fallið er frá því að vera með farfuglaheimili í kjallara og hámarksfjöldi gesta er lækkaður úr 100 í 64, eða um 36%. Hótelherbergi verða allt að 32.
- Sá hluti jarðhæðar sem snýr að Ægisgötu verður opinn almenningi með lifandi jarðhæð. Þar verða ekki hótelherbergi líkt og gert var ráð fyrir í fyrri tillögu.
- Greinargerð er ítarlegri og þar er tekið á flestum athugasemdum nággranna, sem snérust um ósamræmi við aðalskipulag, skort á mati á umhverfisáhrifum, ófullnægjandi samgöngumat og villandi framsetningu deiliskipulagstillögu.
- Málsmeðferðarkafli bætt við greinargerð
- Umhverfismatskafli bætt við greinargerð
- Samgöngumat uppfært m.t.t. breytinga á herbergjafjölda.